


HORNILLOS DEL CAMINO TIL CASTROJERIZ 20,1 KM



Gönguleiðin í dag liggur áfram í gegnum sléttlendið *Meseta* sem teygir sig í allar áttir og gefur ótrúlegt útsýni. Þó gönguleiðin sé falleg á sinn hátt þá getur hún einnig reynt á andlega þrekið þar sem landslagið breytist lítið og fáir áningarstaðir eru á leiðinni. Því er mikilvægt að vera vel undirbúin/n – og huga vel að sólarvörn og nægu vatni.

Vegurinn frá *Hornillos* heldur áfram eins og fyrri daga eftir breiðum sveitavegum í gegnum kornakra og opið land. Eftir u.þ.b. fimm kílómetra gefst kostur á að víkja aðeins út af stígnum og heimsækja *San Bol* – lítinn og friðsælan stað sem býður upp á góða aðstöðu til að hvíla sig eða fylla á vatnsbirgðir. Þeir sem sækjast eftir aðeins meiri kyrrð og náttúruupplifun hafa jafnvel gist þar og talað um staðinn sem hálfgerða trúarlega upplifun.

CRUCE SAN BOL (5,7 KM)

Ef beygt er út af Jakobsveginum við *Cruce San Bol* og farið yfir litlu ána, blasir við lítill og friðsæll staður sem margir pílgrímar tala um með sérstökum hlýhug. Þar er einfalt farfuglaheimili þar sem hægt er að kaupa drykki og hvíla sig örlítið frá sólinni. Undir hávöxnum aspartrjám við árbakkann má finna kyrrð og ró og margir hafa sagt að þetta sé einn af þeim stöðum þar sem hægt er að eiga dýrmæta hugleiðslustund.

Þjóðsagan segir að vatnið úr brunninum í *San Bol* hafi lækningamátt, hvort sem það er satt eða ekki, þá er ljóst að margir hressast við að dvelja þar í smástund.

HONTANAS (4,8 KM)

Hontanas er lítið og fallett þorp þar sem búa um 70 íbúar. Þorpið kemur mörgum á óvart þar sem það sést ekki fyrr en komið er alveg að því þar sem það liggur djúpt niður í dal og birtist nánast eins og upp úr engu. Mjór stígur liggur niður að þorpinu og endar beint á aðalgötunni þar sem finna má allt sem þreyttir pílgrímar þurfa til að hressa sig við.

Í þorpinu var áður pílgrímaspítalinn *Mesón de los Franceses* en honum hefur nú verið breytt í farfuglaheimili. Þar að auki má finna fleiri gististaði og veitingastaði sem sinna göngufólki með bros á vör og vilja til veita notalega dvöl.

ÁHUGAVERT AÐ SKOÐA

Sóknarkirkjan í Hontanas ber nafnið *Iglesia de Nuestra Señora de la Inmaculada Concepción* eða kirkja

hins flekklausa getnaðar. Hún er frá fjórtándu öld og upphaflega byggð í gotneskum stíl, en var síðar endurgerð í nýklassískum stíl. Inni



í kirkjunni er lítið horn tileinkað þekktu fólki, þar á meðal má sjá myndir af móður Theresu og fleiri áhrifamiklum persónum.

Á litla torginu fyrir framan kirkjuna er fallegur brunnur. Talið er að nafn þorpsins, *Hontanas*, sé dregið af *fontanas* sem þýðir brunnar. Áhugaverð viðbót í þessu annars hefðbundna göngulandslagi er að í *Hontanas* er einnig að finna sundlaug sem er sannarlega ekki algeng sjón á þessari leið.



ARCO SAN ANTÓN (5,6 KM)

Skömmu áður en komið er til *Castrojeriz* eru mikilfenglegar rústir af klaustrinu *San Antón* sem var reist á fjórtándu öld. Enn stendur eftir glæsilegur steinbogi yfir veginn og skapar ógleymanlega stund fyrir þá sem ganga þar í gegn. Þegar klaustrið var enn í fullu fjöri var siður að skilja eftir brauð fyrir pílgríma í gluggunum sem vísa út að veginum. Í dag hefur

Þessi hefð þróast og í stað brauðs eru skilin eftir skilaboð,



hugsanir og óskir frá pílgrímunum sem þar fara um.

Um hálfan kílómetra frá rústunum er annað klaustur, *Convento de*

Santa Clara, þar sem nunnur selja litla handgerða trékrossa. Þeir sem leita að persónulegum minjagripum eða einhverju táknrænu til að minna á ferðina finna þarna kyrrð og hlýju sem talar beint til pílgrímahjartans.



CASTROJERIZ (2,5 KM)

Í *Castrojeriz* búa um 500 manns. Á hæðinni fyrir ofan bæinn má sjá rústir af kastala frá níundu öld sem gnæfir yfir svæðið. Þetta er upplagður staður til að stoppa yfir nótt, því hér eru fjölmargir gististaðir og veitingahús.

Á miðöldum var *Castrojeriz* einn af mikilvægustu viðkomustöðunum á leiðinni til Santiago og voru alls átta spítalar í bænum sem er talsverður fjöldi miðað við stærð staðarins.

Hér ríkir róleg og þægileg stemning, nema í júlí þegar haldin er hin árlega hvítlaukshátíð (*Fiesta del Ajo*) þar sem hvítlaukurinn

leikur aðalhlutverkið. Hátíðin nær hámarki 25. júlí á afmælisdegi Jakobs postula.

ÁHUGAVERT AÐ SKOÐA

Kastalinn sem trónir yfir bænum, *Castillo de Castrojeriz*, hefur um aldir dregið að sér ferðamenn og pílgríma. Það tekur um 20 mínútur að ganga upp að honum og þaðan er mjög fallegt útsýni yfir svæðið sem var líka ástæða fyrir staðsetningunni, það þurfti að vera hægt að sjá óvini langt að.




Saga kastalans er full af sögulegum viðburðum og er því vel þess virði að kynna sér söguna áður en haldið er af stað. Kastalinn hefur staðið vaktina frá

fyrstu tíð bæjarins og minnir okkur á mikilvægi *Castrojeriz* fyrri tíma.

Rétt áður en komið er inn í bæinn blasir við kirkjan *Iglesia de Santa María del Manzano*. Hún er byggð í rómönsk-gotneskum stíl og hófust framkvæmdir við hana árið 1214. Á fimmtánda öld voru hvelvingarnar endurbyggðar í gotneskum stíl og á átjándu öld bættist við kapella og grafhýsi fyrir helstu aðalsmenn svæðisins.

Í dag hýsir kirkjan listasafn með heilögum gripum, *Museo de Arte Sacro* og er þar margt merkilegt að skoða. Sérstaka athygli vekur

fallegur
rósagluggi
sem varpar
mjúkri birtu
yfir
listaverkin í
kirkjunni.



Inni í sjálfum

bænum er kirkjan *Iglesia de San Juan* sem hönnuð var af arkitektinum *Diego de Siloé* á sextánda öld. Hún er í þýsk-gotneskum stíl og þar er í dag safn og listagallerí sem er alveg þess virði að kíkja á.